



Golfklúbbur Selfoss

Árborg 24. febrúar 2022

Með bréfi þessu óska undirritaðir fyrir hönd Golfklúbbs Selfoss eftir formlegum viðræðum við Sveitarfélagið Árborg um endurnýjun samstarfssamnings milli íþróttafélagsins og sveitarfélagsins. Núgildandi samningi um styrki vegna reksturs, æfingaaðstöðu, afrekssjóðs, golfakademíu og barna- og unglíngastarfs lýkur í ár en sá samningur var gerður til 10 ára árið 2012, án vísitölubindingar.

Eðli og umfang starfs Golfklúbbs Selfoss hefur breyst gríðarlega frá undirritun þess samnings sem nú er að renna sitt skeið. Hér að neðan má sjá lykilþætti í breytingum umfangs og starfsemi:

- Kröfur íslenskra kyflinga um gæði golfvalla hafa stóraukist síðastliðinn áratug. Óhætt er að fullyrða að sú vinna sem unnin hefur verið á vellinum í þá átt að gera völlinn samkeppnishæfan bestu golfvöllum landsins hafi bæði kostað mikinn tíma og stöðugt meiri fjárútlát. Til að mynda hefur kostnaður við áburð og efni í völlinn margfaldast frá árinu 2012. Einnig hefur vinnuliðurinn margfaldast þar sem launakostnaður hefur aukist vegna hækkaðrar launavísitölu og fjölgunar stöðugilda. Við þetta má bæta að á síðastliðnum 10 árum hafa gæði vallarins farið úr því að vera sæmileg í anda sveita golfvalla yfir í að vera fyllilega samkeppnishæf við aðra keppnisvelli á landinu.
- Félagafjöldi GOS hefur margfaldast, meðlimir íþróttafélagsins voru 189 árið 2012 en eru 512 í upphafi árs 2022. Aukning félagafjölda hefur kallað á aukna þjónustu s.s. aðgang að golfkennslu, aðgang að æfingaaðstöðu, bæði á útisvæði og innanhúss yfir vetrarmánuðina og einnig þjónustu í golfskála frá vormánuðum og fram á haust. Ætla má að fjölgun meðlima golfklúbbsins haldi áfram að aukast í samræmi við viðameira starf og fjölgun í sveitarfélaginu.
- Skipulagt afreksstarf hefur hlaðið utan á sig síðustu 10 árin. Barna- og unglíngastarfi hefur vaxið fiskur um hrygg og er ein birtingarmynd þess fjöldi þátttakenda og glæsilegur árangur þeirra á mótariðum þeirra bestu á landinu sem og framúrskarandi árangur liða frá GOS á Íslandsmótum héraendis. Þátttaka í landsliðum og fleira. Slíkt afreksstarf kallar á meiri og faglegri þjálfun og betri aðstæður til íþróttaiðkunar.

Fjölgun meðlima og aukning aðsóknar á golfvöll GOS hefur vissulega aukið veltu félagsins en sú velta hefur öll farið í innviðauppbýggingu og faglegt starf ásamt uppbyggingu á mannvirkjum, æfingasvæði og golfvelli. Aukið fé þarf til frekar uppbyggingar og viljum við því benda á hvaða þættir uppbyggingar liggja fyrir, eru sumir hverjir komir til framkvæmda og aðrir tilbúnir til framkvæmda:

- Nú þegar hefur íþróttafélagið byggt þrjár nýjar golfbrautir sem taka við af þremur golfbrautum sem fara undir nýja brú yfir Ölfusá og Suðurlandsveg. Félagið missti einnig æfingasvæði sitt vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda. GOS reisti bráðabirgða æfingasvæði við Svarfhólsveg og byggði áhalda- og inniæfingaaðstöðu við Svarfhólsveg.
- Vinna við nýtt útiæfingasvæði hófst sumarið 2020 og verður það svæði tekið í gagnið sumarið 2022. Einnig er hafin vinna við útiæfingaskýli sem tekur við af bráðabirgðaskýli vorið 2022.
- Hönnun er lokið og undirbúningur og íkeyrsla efnis hafin á þar 3 velli fyrir félagsmenn og almenning. Völlurinn verður hluti af almennings útivistarsvæði sem nýtist öllum íbúum Árborgar en aðgangur að vellinum verður gjaldfrjál.
- Vinna við áframhaldandi uppbyggingu 18 holu golfvallar er hafin og mun standa yfir til ársins 2026 er völlurinn verður fullgerður og tilbúinn til notkunar. Auk vallarins verða lagðir göngu-, hlaupa- og reiðstígar á þetta útivistarsvæði sem liggur norður af Svarhól. Nú þegar er uppbygging hafin á þar 3 velli sem klúbburinn ætlar að bjóða endurgjaldslaust íbúum og gestum Árborgar. Slíkur völlur verður kærkomin viðbót í útivistar- og afþreyingarflóru sveitarfélagsins og um leið til þess fallinn að efla almenna lýðheilsu í heilsueflandi samfélaginu Árborg.
- Markmiðið er að gæði golfvallarins verði það mikil að hægt verði að bjóða hann til móta á vegum Gólf Sambands Íslands og einnig Norðurlanda- og Evrópumóta. Golfklúbburinn mun sækja um að halda Íslandsmót GSÍ sumarið 2031 eða á 60 ára afmælisári GOS. Viðhald og vinna við slíkan völl mun kosta talsverða viðbót stöðugilda og vélbúnaðar.

Sú vinna og þær framkvæmdir sem hér eru upptaldar eru engan veginn tæmandi en gefa góða mynd af því öflugra starfi sem unnið hefur verið hjá Golfklúbbi Selfoss síðustu árin og því mikla verki sem framundan er. Ótaldir eru möguleikar til vaxtarbrodda s.s. gróðursetning og skógrækt en GOS er tilbúið að skoða samstarfsmöguleika við Árborg og Skógræktarfélag Selfoss þar sem klúbburinn gæti komið að gróðursetningu í og við völlinn og í kringum skipulagt útivistarsvæði sem fléttast saman við fyrirhugað uppbyggingarsvæði. Slíkt fæli í sér uppsetningu skjólbelta sem gagnast ekki einungis fyrirhuguðu útivistarsvæði heldur getur bundið staðvinda og stuðlað að hækkun hitastigs og minni vindum og snjósöfnun. Hægt væri að flétta slík áform inn í samstarfssamning.

Nú þegar hefur Golfklúbbur Selfoss skuldbundið sig til samstarfs við fyrirtækið Eureka Golf um þátttöku í verkefninu Carbon Par (www.carbonpar.org) en sú þátttaka miðar að kolefnisjöfnuðu starfi golfklúbbsins og að öll vinna klúbbsins stefni í átt umhverfisvæns rekstar og bættrar kolefnisstöðu landnýtingar.

Virðingarfyllt,

Páll Sveinsson, formaður GOS

Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri GOS

